

4. gr. orðist þannig:

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði.

- | | |
|--|--------------|
| a) fyrir mæla eða hemla allt að ¾" | kr. 1 300.00 |
| b) fyrir mæla eða hemla 1—2" | — 2 600.00 |
| c) fyrir mæla eða hemla 3" og stærri | — 5 200.00 |

7. gr. orðist þannig:

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Allt að 400 m ³	kr. 451 890.00
400— 2 000 m ³	— 451 890.00 + 362 kr. pr. m ³ þar yfir
2 000— 6 000 m ³	— 1 030 525.00 + 308 kr. pr. m ³ þar yfir
6 000—10 000 m ³	— 2 260 900.00 + 271 kr. pr. m ³ þar yfir
meira en 10 000 m ³	— 3 341 978.00 + 235 kr. pr. m ³ þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 54 385.00 aukagjald fyrir hvern hemil umfram þann fyrsta.

11. gr. Síðasta málgrein orðist þannig:

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 2 750.00 hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1979 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið 31. júlí 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Gisli Einarsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur nr. 284, 11. desember 1970, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

1. Fastagjald á mánuði verði kr. 1 560.00 fyrir hvern aðalhemil.
2. Vatnsgjald verði kr. 2 990.00 fyrir hvern mínútulitra í hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1979 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 31. júlí 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Gisli Einarsson.